

Fundargerð

1. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 13. október 2020 á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, , Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Fjola Signý Hannesdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Björg Ágústsdóttir, Björgvin Víkingsson, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri. Forföll: Gunnar Svavarson.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 44. fundi stjórnar 2018-2020 hafði verið afgreidd án athugasemda.

2. Frjálsíþróttaping haustið 2020

Pingið fór fram í Kaplakrika, Hafnarfirði fös. 2. okt. Þingið gekk vel og var vel sótt þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Rafræna útsending gekk vel og var áhorf mjög mikið. Hafði formaður sent þakkir til starfsmanna þings, starfsmanna FRÍ og frjálsíþróttadeildar FH og Hafnarfjarðarbæjar. Fundarmenn lýstu ánægju með þingið en starfsmenn höfðu í miklu að snúast fyrir þingið varðandi nýja logóið og kynningu á nýja útliti FRÍ út á við.

Fjöldmörg verkefni frá þingi. Mikil umræða var um nokkrar tillögur sem vísað var til Allsherjarnefndar á þingi FRÍ og þá sérstaklega tillögur úr þingskjölum 1-2-3-5-6-7-8-9-10-11-12-14-17 og var það úr að vísa úrvinnslu í millipinganefnd þar sem ekki fékkst skýr niðurstaða í Allsherjarnefnd og umræðuhóp. Nefndina skulu skipa fulltrúar frá HSK/Selfoss-FH-Breiðabliki-Ármani-ÍR og UFA. Framkvæmdastjóri er búinn að senda tölvupóst á félögin og óska eftir tilnefningum, ekki er búið að skipa formann nefndarinnar. Nokkur félög eru búin að senda inn tilnefningar í nefndina. Alsherjarnefnd afgreiddi nær öll skjöl sín til millipinganefndar og hefur stjórn FRÍ litið svo á að ályktun, sem barst frá Breiðablik, fái sömu meðferð, en um leið mun stjórn FRÍ taka hana fyrir undir önnur mál á þessum fundi. Næsta ársþing er áætlað í mars 2022 og rétt á þessari stundu að hafa allan fyrirvara á, í ljósi reyningu.

3. Stefnumörkun stjórnar

Formaður gerði grein fyrir áherslum sínum þess efnis að fljótlega myndi stjórn koma saman til stefnumótunarvinnu. Erfitt að ná því fram rafrænt þ.a. um leið og línur skýrast verður komið saman á vinnufund. Fókusinn þarf að vera tekinn á stefnu og áætlun fyrir næstu tvö ár. Mikil áhersla áfram á hlaupaverkefnið og tæknimálin. Vinna áfram með punkta frá síðustu stefnumótun. Skoða einnig stefnumótum WA sem speglast vel í áherslum FRÍ. Umræða varð um mikilvægi stefnumótunar.

4. Skipan stjórnar

Formaður lagði fyrir stjórn eftirfarandi tillögu um skipan stjórnar: Guðlaug Baldvinsdóttir varaformaður, Kári Steinn Karlsson gjaldkeri, Gunnar Svavarsson ritari og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir meðstjórnandi. Engar aðrar tillögur komu fram og voru þau því rétt skipuð. Varamenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa fullt málfrelsi og tillögurétt. Stjórnarmenn kynntu sig. Formaður gerði grein fyrir að hann léti stjórnarmenn taka þátt í eigindlegri rannsókn þar sem hann kæmist að áhugasviði og vilja aðila til að fóstora verkefni á stjórnartímabilinu. Nokkrar breytingar verða á fastanefndum en skipaðir voru formenn fastanefnda á ársþinginu.

5. Verkefni handan við hornið

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir starfinu á næstu vikum. HM í hálfmaraþoni fer fram í Póllandi um næstu helgi, allt klárt og mikið skipulag er í kringum sóttvarnir. Verið að skipuleggja unglingsbúðir og síðan er MÍ 11-14 ára á dagskránni, en allt er sett fram með fyrirvara. Fjölmörg verkefni eru í gangi og hvetur framkvæmdastjóri nýja meðlimi í stjórn til að koma og kynna sér hvað er í gangi. Formaður kynnti einnig verkefnaskipulag og Asana kerfi sem formaðurinn og framkvæmdastjórinn nota.

6. Önnur mál

a. Þingsályktun frá Breiðablik á ársþingi FRÍ um vallaraðstæður í Kópavogi og þjóðarleikvang „Frjálsíþróttadeild Breiðabliks, ásamt aðalstjórn félagsins óskar eftir því að við val á staðsetningu fyrir þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum verði ekki eingöngu horft til höfuðborgarinnar heldur einnig annarra sveitarfélaga. Það er mat félagsins að Kópavogur, þá sérstaklega Kópavogsdalur, geti verið hentugur fyrir leikvanginn. Enda er dalurinn miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, einkar skjólgóður og í nálægð við fyrirhugaða borgarlínu“.

Stjórn FRÍ vísar málinu til starfshóps í þjóðarleikvangsmálum en vísar einnig til reglugerðar um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum. Stjórn FRÍ minnir á að þar sem þátttaka sveitarfélaga er mikilvæg sbr. reglugerðina, að huga verði að því að vallaraðstæður til framtíðar í Kópavogi verði með þeim hætti að hægt sé að standa fyrir eða halda alþjóðlega íþróttaviðburði og íþróttakeppnir.

b. Uppskeruhátíð. Verið að skoða hvort hægt sé að koma uppskeruhátíð við á annan hátt en rafrænt. Stefnt að því að hið minnsta að vera með afrekskaffiboð fyrir íþróttakarlar og íþróttakonu ársins, en eins og margt annað sett fram með fyrirvara.

c. RIG 2021. Búið að ákveða það að RIG verði haldið og RÚV verður með beina útsendingu eins og áður. Frjálsíþróttamótið verður haldið sunnudaginn 7. febrúar með áherslu á innlenda keppendur að þessu sinni í ljósi aðstæðna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:45 með því að fundarmenn rifjuðu upp textann „Gullið á Raufarhöfn“ sem Lúdo og Stefán gerðu vinsælt á áttunda áratug síðustu aldar. Ritun fundargerðar: Guðlaug Baldvinsdóttir og Gunnar Svavarsson.